

25. september 2020

### Tilkynning frá Aðföngum: Innköllun á pestói vegna aðskotahlutar

Með hliðsjón af öryggi og velferð neytenda hafa Aðföng ákveðið að taka úr sölu og innkalla **Himneskt Lífrænt rautt pestó**.

Ástæða innköllunarinnar er að glerbrot fannst í einni krukku.

Innköllun stendur yfir en varan hefur fengist í verslunum Bónus og Hagkaups.

#### **Upplýsingar um vöruna:**

*Vöruheiti:* Himneskt Lífrænt rautt pestó

*Strikamerki:* 5690350050692

*Nettómagn:* 130g

*Best fyrir dagsetningar:* Allar í október 2022

Viðskiptavinum Bónus og Hagkaups sem keypt hafa vöruna er ráðið frá því að neyta vörunnar og er bent á að þeir geta skilað henni í verslunina þar sem hún var keypt gegn fullri endurgreiðslu. Aðföng biðja viðskiptavini verslananna sem kunna að hafa orðið fyrir óþægindum vegna þessa innilegrar afsökunar.

Nánari upplýsingar veitir gæðastjóri Aðfanga í síma 530-5600 eða í gegnum netfangið [gaedastjori\[at\]adfong.is](mailto:gaedastjori[at]adfong.is)

